

16. fundur Framkvæmdaráðs

Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56, Selfossi 16. febrúar 2009 kl. 13:00

Mætt voru: Friðrik Pálsson, Jóna Sigurbjartsdóttir, Hörður Sigurðsson, Elvar K. Valsson og Þorgils Torfi Jónsson. Elliði Vignisson var í fjarfundasambandi. Einnig voru mætt starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædis Íva Elíasdóttir, Hrafn Sævaldsson og Steingerður Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla - efnisyfirlit

Hrafn Sævaldsson gerði grein fyrir drögum að efnisyfirliti ársskýrslu 2008. Stjórnin lagði áherslu á að kaflarnir *Mat á árangri VSSV* og *Framtíðarsýn* yrðu unnir í samráði við stjórn.

2. Verkefni til afgreiðslu

a) MS skyr

Verkefnið gengur út á að finna leiðir til að lengja geymsluþol á skyri framleiddu hjá MS á Selfossi úr 30 dögum í 40 daga. Fyrst verður rannsakað hvaða þættir við vinnslu, lögun, þökkun og dreifingu takmarka geymsluþol skyrs. Síðan verður þessum takmarkandi þáttum breytt eða þeir útilokaðir og mælt hvaða áhrif breytingarnar hafa á geymsluþol skyrs. Loks verða tilraunasendingar fluttar sjóleiðis til væntanlegra kaupenda í útlöndum ef tekst að ná tilsettu marki að lengja geymsluþolið. Áætlaður framkvæmdatími er út ágúst 2009. Framkvæmdaráðið samþykkti að styrkja verkefnið um kr. 2.800.000.

b) Eyrarbakki

Hugmyndin með verkefninu er að móta sameiginlega stefnu fyrir Eyrarbakka sem áningastað ferðamannsins. Það er, að koma staðnum rækilega á kortið sem áhugaverðan og einstakan stað sem tengist sögu Íslands um aldamót, tengslin við Danmörku og upphaf kaupmennsku á landinu. Með þessu samstarfi sjá þátttakendur fyrir sér lengingu ferðamannatímabilsins og aukna nýtingu á þeirri þjónustu sem í boði er. Áætlaður framkvæmdatími er út maí 2009. Stjórnin samþykkti að styrkja verkefnið um kr. 1.000.000 í stefnumótun, ímyndavinnu og vöruþróun. Ef niðurstaða stefnumótunnar verður sú að halda áfram með verkefnið og framkvæma lið 4 og 5 í umsókninni var samþykkt að styrkja þá liði verkefnisins um kr. 700.000.

3. Ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum

Hrafn kynnti vaxandi áhuga ferðaþjónustuaðila í Vestmannaeyjum á myndun klasa meðal annars í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa. Framkvæmdaráð samþykkti þátttöku í kostnaði kr. 150.000.

4. Önnur mál

- a) Nýsköpunarkeppni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða kynnt fyrir stjórn.
- b) Stjórnin kom fram með hugmynd um stofnun evrópumíðstöðvar/styrktar miðstöðvar. Stjórnin felur starfsmönnum að koma með tillögu að þess háttar verkefni til að leggja fyrir Atvinnuþróunarfélagið.
- c) Dagsetning fyrir ársfund VSSV ákveðinn mánudaginn 30 mars. kl. 12 á Hótel Rangá.

Næsti fundur ákveðinn 10. mars 2009 kl 13:00

Annað ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 14:40

_____	Í fjarfundi	_____
Friðrik Pálsson	Elliði Vignisson	Hörður Sigurgestsson
_____	_____	_____
Jóna Sigurbjartsdóttir	Elvar K. Valsson	Þorgils Torfi Jónsson
_____	Í fjarfundi	_____
Steingerður Hreinsdóttir	Hrafn Sævaldsson	Sædís Íva Elíasdóttir